

Nr. 40.
16.
nóvbr.

Lög

um

verndun fornmenja.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. kafli.

Skipting fornmenja og skýringar orða.

1. gr.

Fornmenjar eru annaðhvort staðbundnar eða lausar eða hvorttveggja.

Staðbundnar fornmenjar eru í lögum þessum nefndar fornleifar, en lausar fornmenjar forngripir.

Þær fornmenjar, sem eru hvorttveggja, staðbundnar og lausar, teljast til fornleifa og nefnast lausar fornleifar.

2. gr.

Til fornleifa teljast:

- a. Þingbúðarústir, gömul mannvirki á fornum þingstöðum, sögustöðum og öðrum merkisstöðum, sem nokkurs er um vert fyrir menningarsögu landsins, rústir af hofum, hörgum og hverskonar blótstöðum frá heiðni, af kirkjum og kirkjugörðum, kapellum og bænahúsum, forn vígi eða rústir af þeim, forn garðlög, rústir af fornum bæjum, seljum, búpeningshúsum, farmannabúðum, naustum og öðrum fornbyggingum, enn fremur fornir öskuhaugar.
- b. Fornar grafir, haugar, dysjar og leiði í jörðu eða á, er menn hafa verið grafnir, heygðir eða dysjaðir í.
- c. Hellar með áletrunum eða öðrum verksummerkjum af manna höndum.
- d. Áletranir og myndir gjörðar af manna höndum á jarðfasta steina eða berg eða annað jarðfast efni.
- e. Fornar kirkjur, bæjarhús og önnur hús, sem ekki framar eru notuð til þess, sem upphaflega var til ætlaðt.
- f. Allt annað, er telja má til fornra mannvirkja.

Nr. 40. Lög 16. nóvember um verndun fornmenja.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

LOV

om

Bevaring af Fortidsminder.

Nr. 40.
16.
Novbr.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

1. Afsnit.

Inddeling af Fortidsminder og Ordforklaring.

§ 1.

Fortidsminder ere enten faste (stedbundne) eller løse, eller begge Dele.

Faste Fortidsminder benævnes i nærværende Lov Fortidslevninger, medens de løse Fortidsminder benævnes Oldsager.

De Fortidsminder, der ere af blandet Karakter, faste og løse, henregnes til Fortidslevninger og benævnes løse Fortidslevninger.

§ 2.

Til Fortidslevninger henregnes:

- a. Ruiner af Tingboder, gamle Anlæg paa Fortidens Tingsteder, paa Sagasteder og andre mærkelige Steder af nogen Betydning for Landets Kulturhistorie, Ruiner af Templer, Helligdomme og hvilkensomhelst Slags Offersteder fra Hedenskabets Tid, af Kirker og Kirkegaarde, Kapeller og Bedehuse, gamle Fæstninger eller Ruiner deraf, gamle Gærder, Ruiner af gamle Gaarde, Sætere, Kreaturstalde, Handelsboder, Baadskure, og af andre gamle Bygninger, samt endvidere gamle Køkkenmøddinger.
- b. Gamle Grave, Gravhøje, Dysser og Gravsteder i Jorden eller paa dens Overflade, hvor Mennesker er blevne begravede eller højlagte.
- c. Bjerghuler forsynede med Inskriptioner eller med andre Vidnesbyrd om menneskeligt Arbejde.
- d. Inskriptioner og Billeder anbragte paa jordfaste Stene eller Klippeblokke eller andet Materiale.
- e. Gamle Kirker, Gaardbygninger og andre Bygninger, der ikke mere benyttes efter deres oprindelige Bestemmelse.
- f. Alt andet, der kan henregnes til Anlæg fra Fortiden.

Nr. 40. Lov af 16. November om Bevaring af Fortidsminder.

Nr. 40.
16.
nóvbr.

3. gr.

Til lausra fornleifa teljast:

- a. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum haugum, dysjum eða leiðum, þar á meðal leifar af líkömum manna og dýra.
- b. Þeir munir allir, er finnast í og tilheyra fornum hofrústum, eða hafa verið notaðir í hofum, svo sem blótbollar og því um líkt.
- c. Öll minningarmörk dáiinna manna, bautasteinar, legsteinar, krossar, minnisvarðar og annað þess háttar, sem ekki er jarðfast, og eins þó að eitthvað af þessu hafi verið jarðfest með steinlími eða öðru af mannavöldum.

4. gr.

Til forngrípa teljast:

- a. Lausir steinar, sem mannaverk eru á og ekki komast undir 3. grein, svo sem steinar með fangamörkum eða öðrum áletrunum eða myndum.
- b. Allskonar fornir kirkjugripir.
- c. Forn handrit, skjöl og brjef úr skinni eða pappír.
- d. Allskonar gamlar myndir og gripir með myndum eða letri á.
- e. Fornir peningar, úr hverjum málm sem er.
- f. Gamlir dúkar, ofnir eða saumaðir, ábreiður, bönd og allskonar forn vefnaður og hannyrðir, fornir vefstólar eða partar af þeim og öll forn áhöld, er til hannyrða hafa verið höfð eða vefnaðar.
- g. Allskonar fornir skrautgripir og listasmíði, úr hverju efni sem er.
- h. Gamlir búningar og búningsskraut karla og kvenna, þar á meðal hringir, belti og því um líkt, enn fremur allskonar gömul vopn, hlífar, verjur. hnífar o. s. frv.
- i. Allskonar gamall húsbúnaður og búshöld, þar á meðal borðbúnaður og reiðskapur, fornar matarleifar, forn skip, skipspartar og skipabúnaður, ef það kemst ekki undir 3. grein, forn smíðatól, veiðarfæri og önnur forn verkfæri og því um líkt.
- j. Gömul taflborð og taflmenn og önnur tafláhöld.
- k. Fjalir og stokkar úr fornum húsum og hirzlum.
- l. Allir gamlir munir, sem menn hafa notað eða mannaverk eru á.

2. kafli.

U m f o r n l e i f a r .

5. gr.

Fornmenjavörður skal semja skrá yfir allar fornleifar, taldar í 2. grein, sem nú eru kunnar og honum þykir ástæða til að friða, og skal tiltaka staðinn svo nákvæmlega, sem unnt er. Nú kemst fornmenjavörður að raun um, að fornleifar, sem hann telur nauðsyn á að friða, sjeu til á einhverjum stað, og skal hann þegar taka þær á fornleifaskrá.

6. gr.

Allar þær fornleifar, sem á fornleifaskrá standa, skulu friðaðar, og sjer stjórnarráðið um, að friðhelginni sje þinglýst á því þingi, er hver einstök fornleif liggur til. Friðhelgi telst frá þinglýsingardegi.

Ef landeigandi eða ábúandi verður fyrir nokkru tjóni við það, að friðhelgi er á lögð, skal greiða skaðabætur úr landssjóði. Nú rís ágreiningur milli þess, er hlut á að Nr. 40. Lög 16. nóvember um verndun fornmenja.

§ 3.

Nr. 40.
16.
Novbr.

Til løse Fortidslevninger henregnes:

- a. Alle Genstande, der findes i og tilhøre gamle Gravhøje, Dysser eller Gravsteder, deriblandt Rester af Menneskers og Dyrs Legemer.
- b. Alle Genstande, der findes i og tilhøre gamle Tempelruiner, eller som ere blevne benyttede i Templer, saasom Offerblodskar og desl.
- c. Alle Mindesmærker over Afdøde, Bautastene, Gravstene, Kors, Monumenter og desl. Sager, som ikke ere jordfaste, selv om de med Kalk eller paa anden kunstig Maade ere blevne fæstnede til Grunden.

§ 4.

Til Oldsager henregnes:

- a. Løse forarbejdede Stene, der ikke kan henføres under § 3 saasom Stene forsynede med Bomærker eller andre Inskriptioner eller Billeder.
- b. Alle Slags gamle Kirkesager.
- c. Gamle Haandskrifter, Dokumenter og Breve paa Pergament eller Papir.
- d. Alle Slags gamle Billeder samt Genstande, forsynede med Billeder eller Indskrift.
- e. Gamle Pengestykker af hvilket som helst Metal.
- f. Gammelt vævet eller syet Klæde, gamle Dækkener, Baand og alle Slags gamle vævede Sager og Haandarbejder, gamle Vævestole eller Dele deraf, samt alle gamle ved Haandarbejder eller Vævning benyttede Redskaber.
- g. Alle Slags gamle Smykker og Kunstsager af hvilket som helst Stof.
- h. Gamle Klædedragter saavel for Mænd som for Kvinder og dertil hørende Udsmykningsgenstande, deriblandt Ringe, Bælter og desl., endvidere alle Slags gamle Vaaben, til Angreb eller Forsvar, Knive, m. m.
- i. Alt Slags gammelt Bohave og Husgeraad, derunder Dækketøj og Ridetøj, gamle Madrester, gamle Skibe og Dele deraf og Skibstilbehør, som ikke kan henføres til § 3, gammelt Værktøj, gamle Jagt- og Fangstredskaber og andre gamle Redskaber og desl.
- j. Gamle Spillebrætter og Brikker med andet Tilbehør.
- k. Fjæle og Tømmerstokke af gamle Bygninger og Gemmer.
- l. Alle gamle Genstande, der ere blevne benyttede eller forarbejdede af Mennesker.

2. Afsnit.

Om Fortidslevninger.

§ 5.

Direktøren for Fortidsminder skal forfatte en Fortegnelse over alle de i § 2 betegnede Fortidslevninger, hvorom der haves Kundskab og som der findes Grund til at frede, og skal Stedet anføres saa nøjagtigt som muligt. Naar Direktøren kommer til Kundskab om, at der findes endnu andre saadanne Levninger, som han finder at burde fredes, skal han ufortøvet optage dem paa Fortegnelsen.

§ 6.

Alle paa Fortegnelsen optagne Fortidslevninger skal være fredede; Ministeriet foranlediger Fredningen tinglæst i de Jurisdiktioner, hvorunder de enkelte Fortidslevninger høre. — Fredningen regnes fra Tinglæsningsdagen.

Hvis Jordejeren eller Opsidderen maatte lide noget Tab ved en saadan Fredning, skal det erstattes ham af Landskassen. I Tilfælde af Uenighed mellem vedkommende og Nr. 40. Lov af 16. November om Bevaring af Fortidsminder.

Nr. 40. máli, og stjórnarráðsins um það, hvort nokkrar skaðabætur skuli greiða eða um upphæð
 16. skaðabóta, og skulu óvilhallir, dómkvaddir menn skera úr því máli. Skaðabóta-
 nóvbr. kröfur skulu komnar til stjórnarráðsins, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá þinglýsingardegi, ella falla þær niður

7. gr.

Allar lausar fornleifar, sem taldar eru í 3. grein og eru eldri en 150 ára, eru friðaðar án þinglýsingar, og eru eign landsins. Fornleifar þessar skal setja á sjerstaka skrá, svo fljótt sem því verður við komið.

8. gr.

Friðuðum fornleifum má enginn, hvorki landeigandi nje leiguliði nje nokkur annar, spilla, granda nje breyta, laga nje aflaga nje úr stað flytja, nema leyft sje í lögum þessum, og skal þá fara eptir þeim reglum, sem lögin setja.

9. gr.

Skyldur er ábúandi eða leiguliði að gjöra lögreglustjóra við vart, ef friðuð fornleif liggur undir skemmdum af völdum náttúrunnar eða er skemmd af manna völdum. Gjörir þá lögreglustjóri þær bráðabirgðar-ráðstafanir sem þarf til að varna skemmdum, og skýrir þegar stjórnarráðinu frá málavöxtum, en stjórnarráðið ákveður með ráði fornmenjavarðar, hvað gjöra skuli. Aðgjörðin greiðist úr landssjóði, nema skemmdin sje af manna völdum; þá greiðir sá, er skemmdi.

Vilji landeigandi eða leiguliði gjöra jarðrask það nokkuð, er haggar við friðuðum fornleifum, eða gjöra nokkuð það, er þeim geti spillt, skal hann skýra lögreglustjóra frá því og um leið lýsa fornleifunum og gjöra skýra grein fyrir þeim breytingum, er hann vill gjöra. Þá skýrslu ber þegar að senda til stjórnarráðsins, er ákveður með ráði fornmenjavarðar hvað gjöra megi og með hvaða skilmálum.

Ef landeigandi eða leiguliði við gröpt eða á annan hátt finnur fornleifar, er teljast verða til menja þeirra, er nefndar eru í 2. eða 3. gr., skal hann jafnskjótt skýra frá því, eins og nú var sagt, og líti út fyrir, að um mikilsverðar fornleifar sje að ræða, skal hætta vinnu að svo miklu leyti, sem hún kann að haggja við fornleifunum, þangað til úrskurður stjórnarráðsins er fenginn. Bætur fyrir tjón það, er af því kann að leiða, að vinnu er hætt, greiðast úr landssjóði, og skera óvilhallir dómkvaddir menn úr, ef ágreinigur verður um skaðabæturnar.

Grasi vaxnar fornmenjar, sem nú eru slegnar eða beittar, má framvegis nota á þann hátt, ef engin hætta er á, að þær spillist við það.

10. gr.

Ef ómögulegt er að komast hjá því að eyða eða spilla fornleifum við vegagjörð eða annur mannvirki í þarfir landsins, sýslu eða sveitar, nema þá með mjög mikilli fyrirhöfn og kostnaði, skal verkstjóri eða það stjórnarvald, sem hlut á að máli, skýra stjórnarráðinu frá málavöxtum, áður en nokkuð er haggjað við fornleifunum, og ákveður þá stjórnarráðið, hvað gjöra skuli.

Nr. 40. Lög 16. nóvember um verndun fornmenja.

Ministeriet, om der skal gives Skadeserstatning, eller angaaende Størrelsen af en saadan, Nr. 40.
skal uvillige af Retten udmeldte Mænd afgøre Uoverensstemmelsen. Erstatnings- 16.
krav maa for at kunne gøres gældende være indkomne til Ministeriet senest 4 Maaneder Novbr.
efter Tinglæsningsdagen.

§ 7.

Alle under § 3 hørende løse Fortidslevninger, der ere over 150 Aar gamle, ere fredede uden Tinglæsning og ere Landets Ejendom. De skal, saa snart ske kan, opføres paa en særlig Fortegnelse.

§ 8.

Ingen, hverken Jordens Ejer eller Lejer eller nogen anden maa ødelægge eller beskadige en fredet Fortidslevning, ej heller rette paa den eller forandre den i nogen Retning eller flytte den fra Stedet, uden dertil haves Hjemmel i denne Lov, hvis Forskrifter desangaaende i saa Fald skal følges.

§ 9.

Naar en fredet Fortidslevning er udsat for Beskadigelser ved Naturbegebenheder eller lider Overlast, er vedkommende Opsidder eller Lejer pligtig til at gøre Anmeldelse herom til Politimesteren, som træffer foreløbige Foranstaltninger til Forebyggelse af Beskadigelse, og iøvrigt straks indberetter Sagen til Ministeriet, hvorpaa dette, efter Samraad med Direktøren for Fortidsminder, bestemmer, hvad der skal gøres. Landskassen afholder Udgifterne ved Udbedring af Beskadigelsen, medmindre denne skyldes Mennesker, i hvilket Fald den skyldige skal betale dem.

Naar Jordens Ejer eller Lejer ønsker at foretage en Grundgravning eller en anden Foranstaltning, der kan medføre en Forstyrrelse eller Beskadigelse af en fredet Fortidslevning, skal han herom gøre Anmeldelse til Politimesteren, og samtidig meddele denne en Beskrivelse af Fortidslevningen samt gøre nøje Rede for den paatænkte Foranstaltning. Disse Meddelelser bør straks tilstilles Ministeriet, som derpaa efter Samraad med Direktøren for Fortidsminder tager Bestemmelse om, hvad der kan tillades udført og paa hvilke Vilkaar det kan ske.

Hvis Grundens Ejer eller Lejer under Gravning i denne eller paa anden Maade finder Fortidslevninger, der maa henregnes til de i §§ 2 eller 3 opregnede Levninger, har han uopholdelig at gøre Anmeldelse derom, som ovenfor bestemt, og hvis der er Sandsynlighed for, at der her er Tale om vigtige Fortidslevninger, skal han standse Arbejdet, forsaavidt nødvendigt er for at undgaa Forstyrrelse af Levningen, indtil Ministeriets Afgørelse indtræffer. Forsaavidt Arbejdsstandsningen maatte medføre Tab, gives der herfor Erstatning af Landskassen efter uvillige af Retten udmeldte Mænds Skøn, forsaavidt mindelig Overenskomst ikke kan opnaas.

Græsbevoksede Fortidslevninger, hvis Jorddække for Tiden bliver slaaet eller brugt til Græsning, kan fremdeles benyttes paa denne Maade, for saa vidt der ikke er nogen Fare for at de derved blive beskadigede.

§ 10.

Naar det ved et Vejanlæg eller et andet Anlæg, der udføres for Landet, et Syssel eller en Kommune, ikke uden en meget stor Ulejlighed eller Bekostning kan undgaaes at ødelægge eller beskadige en Fortidslevning, skal der af Arbejdets Leder eller af vedkommende Myndighed, forinden noget Skridt i den Retning foretages, gives Underretning om Sagen til Ministeriet, hvorefter dette bestemmer, hvad der er at gøre.

Nr. 40. Lov af 16. November om Bevaring af Fortidsminder.

Nr. 40.

16.
nóvbr.

11. gr.

Stjórnarráðið hefur ætíð rjett til að gjöra eða láta gjöra allt það, er því þykir þörf á vera til þess að rannsaka fornleifar með grepti eða á annan hátt, eða til verndar fornmenjum, viðhalds eða endurbóta, en þó skal eiganda eða umráðanda jafnan gjört viðvart um það áður. Eptir gröpt og aðrar rannsóknir, er jarðraski valda, skal sá, er rannsókn stýrði, koma öllu í samt lag aptur, nema honum þyki betur fara á annan veg.

Valdi slíkar rannsóknir eða aðgjörðir eigendum eða umráðendum fornleifanna nokkru tjóni eða tilkostnaði, skal sá skaði bættur úr landssjóði, ef krafizt er. Náist samkomulag ekki um skaðabætur, skulu þær metnar af óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

3. kafli.

Um forngrípi.

12. gr.

Hver sá, er finnur forngríp í jörðu eða á, er skyldur til að skýra lögreglustjóra þegar í stað nákvæmlega frá fundinum. Jafnframt skal hann afhenda lögreglustjóra það, sem fundizt hefur, nema hætt sje við, að það skemmist í flutningnum, þá skal hann varðveita það á þann hátt, sem hann bezt getur, unz lögreglustjóri ráðstafar því. Ef líkur eru til, að fleiri forngrípir þeir, er mikilsverðir eru, muni dyljast á fundarstaðnum, skal finnandi við engu haggja, en skýra þegar lögreglustjóra frá. Fundarstað skal finnandi jafnan greina skilmerkilega.

Ef forngrípur finnst við mannvirki þau eða störf, sem framkvæmd eru samkvæmt 10. grein, skal finnandi afhenda hann verkstjóra eða því stjórnarvaldi, sem hlut á að máli, og skal viðtakandi gefa lögreglustjóra nákvæma skýrslu um fundinn og fari með, sem að framan er greint. Nú finnst forngrípur við rannsókn þá eða aðgjörð, sem getur í 11. grein, og skal þá sá, er rannsókninni eða aðgjörðinni stýrir, annast um hlutinn og sjá um, að hann komist til Forngripasafns Íslands og að ágrip af skýrslu um fundinn sje birt, sem síðar segir (sbr. 14. grein).

Skylt er lögreglustjóra að gefa skriflega viðurkenningu fyrir móttöku forngríps, ef þess er óskað.

13. gr.

Jafnskjótt sem lögreglustjóri hefur fengið skýrslu um fund forngríps, skal hann skýra þeim manni eða mönnum frá, sem land eiga undir, þar sem forngrípur fannst, og jafnframt senda stjórnarráðinu skýrsluna með þeim viðaukum frá sjálfum sjer, sem honum virðast nauðsynlegir. Enn fremur sendir hann þá forngrípi, sem honum hafa verið afhentir, til stjórnarráðsins, nema hætt sje við, að þeir skemmist í flutningi, þá skal lögreglustjóri geyma gripina, unz stjórnarráðið ráðstafar þeim.

Ef lögreglustjóra virðast líkur til, að fleiri forngrípir muni dyljast þar, sem forngrípur fannst, skal hann geta þess í skýrslu sinni til stjórnarráðsins og sjá um, að engu verði rótað á fundarstaðnum, þangað til rannsókn getur fram farið.

Nr. 40. Lög 16. nóvember um verndun fornmenja.

§ 11.

Nr. 40.
16.
Novbr.

Ministeriet er berettiget til at foretage eller lade foretage alt, hvad det skønner nødvendigt for ved Gravning eller paa anden Maade at undersøge Fortidslevninger, eller for at bevare, vedligeholde eller restaurere disse, dog først efter at deres Ejer eller den, der har Raadigheden over dem, derom er bleven underrettet. Efter udført Gravning eller anden saadan Undersøgelse, hvorved Jorden er bleven ryddet op, skal Lederen af Undersøgelsen føre alt tilbage til den tidligere Tilstand, medmindre andet forekommer ham bedre.

Hvis der paaføres Fortidslevningernes Ejer eller den, der har Raadighed over dem, ved de nævnte Undersøgelser eller Foranstaltninger nogen Skade eller Udgifter, skal der paa Forlangende herfor gives Erstatning af Landskassen. I Mangel af mindelig Overenskomst skal Erstatningen fastsættes ved uvillige af Retten udmeldte Mænds Skøn.

3. Afsnit.

Om Oldsager.

§ 12.

Den, der i Jorden eller paa dens Overflade finder Oldsager, er pligtig til uopholdelig at give Politimesteren en nøjagtig Meddelelse om de fundne Sager, og samtidig aflevere dem til ham, medmindre de ere udsatte for at beskadiges under Transporten, i hvilket Fald Finderen skal opbevare Sagerne saa godt han kan, indtil Politimesteren har truffet Bestemmelse om dem. Er der Sandsynlighed for, at der paa det Sted, hvor Sagerne fandtes, findes skjult endnu flere Oldsager af Betydning, skal Finderen lade alt uberørt og uopholdelig gøre Anmeldelse til Politimesteren. Stedet bør Finderen stedse betegne nøjagtig.

Naar der under Udførelsen af de i § 10 ommeldte Anlæg eller Arbejder findes Oldsager, skal Finderen aflevere dem til Værkstyrelsen eller vedkommende Myndighed, der giver Politimesteren en nøjagtig Meddelelse om de fundne Sager, og behandler dem iøvrigt som forommeldt. Naar der under Udførelsen af de i § 11 omhandlede Undersøgelser eller Foranstaltninger findes Oldsager, skal Lederen af Arbejdet drage Omsorg for dem og paase, at de blive leverede til Islands Oldsagssamling og at et Udtog af Beretningen vedrørende Fundet bekendtgøres som nedenfor bestemt (jfr. § 14).

Politimesteren skal paa Forlangende meddele skriftlig Anerkendelse for Modtagelsen af Oldsager.

§ 13.

Saasnart Politimesteren har modtaget Meddelelse om et Oldsagsfund, skal han give Findestedets Ejer eller Ejere Underretning derom og samtidig tilstille Ministeriet Meddelelsen, ledsaget af de Bemærkninger, han finder Grund til. De til ham afleverede Oldsager sender han til Ministeriet, medmindre de ere udsatte for at beskadiges under Transporten, i hvilket Fald han skal opbevare Sagerne, indtil Ministeriet har truffet Bestemmelse om dem.

Hvis Politimesteren finder det sandsynligt, at der paa Findestedet skjuler sig endnu flere Oldsager end de optagne, skal han anmærke det i sin Beretning til Ministeriet samt drage Omsorg for, at Findestedet bliver uberørt indtil det kan blive undersøgt.

Nr. 40.

16.
nóvbr.

14. gr.

Ágrip af þeim skýrslum um fundna forngripi, sem stjórnarráðið fær frá lög-reglustjóra eða þeim manni, er rannsókn eða aðgjörð stýrir samkvæmt 11. grein (sbr. 13. og 12. grein), svo framarlega sem líkur eru til, að nokkur geti sannað eignarrjett sinn að forngripunum, skal birta þrisvar í því blaði, er flytur stjórnarvaldaaúglýsingar, með áskorun til eiganda, ef nokkur sje, að gefa sig fram.

Alla þá forngripi, sem nefndir eru í fundarskýrslu, skal fornmenjavörður taka á sjerstaka skrá, og skulu þeir geymdir á sjerstökum stað í Forngripasafni Íslands, unz útsjeð er um, hvort eigandi finnst (sbr. 15. og 16. grein).

15. gr.

Nú gefur eigandi sig fram, áður en 4 mánuðir eru liðnir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, og sannar eignarrjett sinn, og skal þá afhenda eiganda hann gegn því, að hann greiði lögbirtingarkostnað, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef honum þykir hann þess verður, og leggst þá á hann sú kvöð, er þeirri skrásetning er samfara.

16. gr.

Nú líða svo 4 mánuðir frá síðustu lögbirtingu fundins forngrips, að enginn eigandi leiðir sig að honum, og verður hann þá eign landssjóðs að þriðjungi, finnanda að þriðjungi, og að þriðjungi eign þess, sem land á undir, þar sem hluturinn fannst.

Ef gripurinn hefur fundizt við framkvæmd á vegagjörðum eða öðrum mannvirkjum, samkvæmt 10 gr., eða í almenningum, afrjettarlöndum, eða á heiðum uppi, sem ekki teljast til heimalanda, telst landssjóður sem landeigandi, og sömuleiðis ef hann hefur fundizt á kirkjujörðum, eða ef hreppsfjelag, sýslufjelag eða bæjarfjelag á land undir; eignast landssjóður þá forngripinn að tveim þriðjungum, en finnandi að þriðjungi.

Ef forngripur hefur fundizt við rannsókn þá eða aðgjörð, er ræðir um í 11. grein, telst landssjóður sem finnandi og eigandi gripsins að tveim þriðjungum, en landeigandi að þriðjungi, nema um þá hluti sje að ræða, sem eru óskipt eign landsins samkvæmt 7. gr

Ef fleiri eru finnendur en einn, skiptist eignarrjetturinn að finnanda þriðjungi jafnt milli þeirra. Ef landeigendur eru fleiri en einn, skiptist eignarrjetturinn að landeiganda þriðjungi milli þeirra í rjettri tiltölu við eign hvers eins í landinu.

17. gr.

Ef finnandi leynir fundi forngrips og skýrir ekki lögreglustjóra frá honum (sbr. 12. gr.), eða spillir honum eða lógar af ásettu ráði, telst það sem ólögleg meðferð á fundnu fje eða skemmd á eigum annara og fer eptir ákvæðum almennra hegningarlaga 249., 296. og 298. grein, enda missir þá finnandi tilkall til síns þriðjungs.

18. gr.

Landssjóður á kauprjett að þeirri hlutdeild í fundnum forngrip, sem hann á ekki, eptir mati fornmenjavarðar. Því mati getur meðeigandi skotið til stjórnarráðsins, og nefnir það þá til 3 óvilhalla lögmetendur, er vit hafa á forngripum, og skal standa.

Nr. 40. Lög 16. nóvember um verndun fornmenja.

§ 14.

Nr. 40.
16.
Novbr.

Saafermt der er Sandsynlighed for, at nogen er i Stand til at godtgøre sin Ejendomsret til fundne Oldsager, skal et Udtog af de af Ministeriet fra Politimesteren eller Lederne af Undersøgelser eller Foranstaltninger i Henhold til § 11 (jfr. §§ 13 og 12) modtagne Beretninger om Fundet bekendtgøres 3 Gange i den til Optagelse af offentlige Bekendtgørelser autoriserede Avis tilligemed en Opfordring til mulige Ejere om at melde sig.

Samtlige i Beretningen om Fundet omtalte Oldsager skal af Direktøren for Fortidsminder optages paa en særlig Fortegnelse, og Sagerne skal opbevares for sig i Islands Oldsagssamling indtil Spørgsmaalet om Ejendomsretten til dem er afgjort (jfr. §§ 15 og 16).

§ 15.

Naar nogen melder sig inden Udløbet af 4 Maander fra sidste lovlige Bekendtgørelse om fundne Oldsager og godtgør sin Ejendomsret til dem, blive de at udlevere til ham mod, at han betaler Bekendtgørelsesomkostningerne; samtidig skal de imidlertid, hvis Direktøren for Fortidsminder finder dem saa meget værd, indføres i den i § 19 omhandlede Oldsagsfortegnelse, hvorved de undergives den af en saadan Indførsel flydende Baandlæggelse.

§ 16.

Naar der er hengaaet 4 Maaneder fra sidste Bekendtgørelse om fundne Oldsager, uden at nogen har godtgjort sin Ejendomsret til den, blive de Landets Ejendom for $\frac{1}{3}$ Vedkommende, medens Finderen og Findestedets Ejer hver bliver Ejer af en Tredjedel.

Naar Oldsager ere fundne under Udførelsen af Vej- eller andre Anlæg i Henhold til § 10, eller i Almindinge eller Fjældgræsgange, eller paa Hedestrækninger, der ikke høre under Hjemmegaardene, betragtes Landskassen som Ejer af Findestedet; det samme gælder, naar Sagerne ere fundne i Kirkegaarde, saavel som naar Findestedets Ejer er en Reps-, Syssel- eller Bykommune. I disse Tilfælde erhverver Landskassen saaledes to Tredjedele, medens Finderen faar den ene Tredjedel.

Naar Oldsager ere fundne under Udførelsen af de i § 11 omhandlede Undersøgelser eller Foranstaltninger, betragtes Landskassen som Finder og Ejer af to Tredjedele og Grundejeren af $\frac{1}{3}$, medmindre Talen er om saadanne Sager som dem, der i Henhold til § 7 helt tilfalder Landskassen.

Naar der er flere Findere til samme Genstand, deles Finderetten lige imellem dem. Naar Grunden er i Sameje, deles Grundejerretten mellem Samejerne i rigtigt Forhold til hver enkelts Andel i Samejet.

§ 17.

Naar Finderen af Oldsager fordølger Fundet og undlader at give Politimesteren Meddelelse om de fundne Sager (jfr. § 12), eller forsætlig beskadiger eller ødelægger dem, henregnes hans Forhold til ulovlig Omgang med Hittogods eller Beskadigelse af fremmed Ejendom, og der forholdes efter almindelig Straffelovs Bestemmelser i §§ 249, 296 og 298, hvorhos Finderen fortaber sin Ret til en Tredjedel af Fundet.

§ 18.

Landskassen har Ret til ved Køb at erhverve den samme ikke tilkommende Andel i fundne Oldsager. Købesummen bestemmes ved en af Direktøren for Fortidsminder foretagen Taksation; denne kan dog af hver Medejer indankes for Ministeriet.

Nr. 40. við mat þeirra. Sje það hærra en mat fornmenjavarðar, greiðir landssjóður kostnað
 16. við yfirmatið, en ella áfrýjandi.
 nóvbr.

Ef forngripurinn er úr gulli eða silfri, eða sje um silfurpeninga eða gullpeninga að ræða, skal meta málmverð hlutarins og leggja ofan á 10 af hverju hundraði, og fær meðeigandi landssjóðs, eða meðeigendur, að rjettri tiltölu, ef fleiri eru, það andvirði óskert, eins og landssjóður ætti ekkert í.

Ef kauprjettar landsjóðs er eigi neytt áður ár sje liðið frá því, er lögreglustjóra var skýrt frá fundinum og sje fornmenjaverði eða stjórnarráði um dráttinn að kenna, missir landssjóður eignarrjettar til síns hluta í forngripnum, og skal þá afhenda hann meðeiganda, eða meðeigendum landssjóðs gegn borgun lögbirtingarkostnaðar, en jafnframt skal fornmenjavörður setja hlutinn á forngripaskrá þá, er getur í 19. grein, ef hann telur hann þess verðan, og fellur þá á hann sú kvöð, sem þeirri skrásetningu er samfara.

Ef fornmenjavörður telur fundinn forngrip einskisverðan fyrir menningarsögu landsins, eignast finnandi og landeigandi hann að helmingi hvor, og skal þá afhenda þeim hann gegn kvittun þeirra, jafnskjótt sem lögbirtingarfrestur er liðinn, ef þeir vitja hans. En vitji þeir hans ekki áður fjórir mánuðir eru liðnir frá því, er þeim var skrifað um, að landið mundi eigi nota kauprjett sinn, má lóga hlutnum.

19. gr.

Fornmenjavörður skal setja þá forngripi, sem einstakir menn eiga, á sjerstaka forngripaskrá, ef eigendur beiðast þess eða leyfa. Skal beiðnin eða leyfið vera skriflegt og undirskrifað af eiganda í viðurvist vitundarvotta eða lögbókanda (notarii publici) og geymist í skjalasafni Forngripasafnsins. Á þessa skrá skal fornmenjavörður og setja alla forna kirkjugripi, svo fljótt sem því verður við komið, og þarf ekki neitt leyfi til þess, enn fremur þá gripi, sem á þessa skrá skal setja samkvæmt 15. og 18. grein.

Þá muni, sem á þessa skrá eru settir, skal auðkenna með sjerstöku skrásetningar-marki, ef því verður við komið, án þess að gripurinn skemmist við.

20. gr.

Þeir forngripir, sem á skrá standa, eru friðaðir á sama hátt og friðaðar forn-leifar (sjá 8. grein). Þó er eiganda heimilt, að flytja þá úr stað, en ekki af landi burt.

Ef eigandi gefur öðrum skrásettan forngrip, skal hann láta fornmenjavörð vita um eigandaskiptin.

Forngripasafnið á forkaupsrjett að skrásettum forngrip, og skal eigandi því ávallt bjóða fornmenjaverði hlutinn, áður en hann selji öðrum hann, ella er sala ógild og fellur þá hluturinn ókeypis til Forngripasafnsins. Nú notar Forngripasafnið eigi forkaupsrjett sinn, þá má eigandi selja hlutinn, en þó skal hann láta fornmenjavörð vita, hverjum hann selur.

Ef skrásettur forngripur gengur að erfðum, skal skiptaráðandi eða, ef erfingjaskipti eru, þá erfingi sá, er eignast gripinn, láta fornmenjavörð vita um eigandaskiptin.

Í hvert skipti, sem eigandaskipti verða að skrásettum forngrip, skal ávallt láta fornmenjavörð vita um eigandaskiptin, ella er eignarheimildin ógild, og fellur þá hluturinn endurgjaldslaust til Forngripasafnsins.

Fornmenjavörður skal ávallt geta þess í forngripaskrá, ef eigandaskipti verða að skrásettum forngrip.

der i saa Fold udnævner 3 uvillige sagkyndige Taksationsmænd, hvis Taksation er endelig. Omkostningerne ved Overtaksationen afholdes af Landskassen, naar Overtaksationsmændenes Vurdering er højere end Direktørens, i modsat Fald af Appellanten.

Naar Talen er om Genstande eller Pengestykker af Guld eller Sølv, skal deres Metalværdi udfindes og dertil føjes 10 $\frac{0}{10}$. Den saaledes udfundne Sum tilfalder ubeskaaret Medejereren eller, naar Talen er om flere Medejere, disse i rigtig Forhold, som om Landskassen intet ejede i den paagældende Genstand.

Naar Landskassens Køberet ikke benyttes inden et Aar fra Fundets Anmeldelse til Politimesteren, og denne Forhaling skyldes Ministeriet eller Direktøren for Fortidsminder, fortaber Landskassen sin Medejerendomsret, og de fundne Sager skal afleveres til den eller de andre Medejere mod Betaling af Bekendtgørelsesomkostningerne; men samtidig skal de, hvis Direktøren for Fortidsminder finder dem saa meget værd, indføres i den i § 19 omhandlede Oldsagsfortegnelse, hvorved de undergives den af en saadan Indførsel flydende Baandlæggelse.

Naar fundne Oldsager af Direktøren for Fortidsminder anses for at være værdiløse for Landets Kulturhistorie, tilfalder de udelukkende Finderen og Grundejereren som Ejendom til lige Deling. De udleveres da til dem mod deres Kvittering, saa snart den lovbestemte Bekendtgørelsesfrist er udløbet, saa fremt de melde sig. Naar de ikke have meldt sig inden Udløbet af 4 Maaneder, efter at de blev tilskrevet om, at Landskassen ikke ønskede at benytte sin Køberet, kan Sagerne tilintetgøres.

§ 19.

Oldsager, der ejes af private, skal paa deres Begæring eller med deres Tilladelse af Direktøren for Fortidsminder optages paa en særlig Oldsagsfortegnelse. Begæringen eller Tilladelsen skal være skriftlig, og undertegnet af Ejeren i Overværelse af Vitterlighedsvidner eller Notarius publikus, og skal opbevares i Oldsagssamlingens Arkiv. Paa denne Fortegnelse optager Direktøren ogsaa alle gamle Kirkesager saa snart ske kan, uden at dertil behøves nogen Tilladelse, samt endvidere de Sager, der i Henhold til §§ 15 og 18 skal indføres i samme.

§ 20.

Registrerede Oldsager ere fredede paa samme Maade som fredede Fortidslevninger (se § 8). De maa dog af Ejeren bringes fra Sted til Sted, men ikke ud af Landet.

Hvis Ejeren til en anden bortskænker registrerede Oldsager, skal han derom underrette Direktøren for Fortidsminder.

Oldsagssamlingen har Forkøbsret til registrerede Oldsager, hvorfor Ejeren stedse skal tilbyde Direktøren for Fortidsminder dem til Købs, forinden han afhænder den til andre. I modsat Fald er Afhændelsen ugyldig og Sagerne tilfalder Oldsagssamlingen uden Vederlag. Hvis Oldsagssamlingen ikke benytter sin Forkøbsret til Oldsager, er Ejeren berettiget til at afhænde dem, men er pligtig til at underrette Oldsagssamlingen om, til hvem de afhændes.

Naar registrerede Oldsager arves, skal Skifteforvalteren, eller i Tilfælde af privat Skifte den af Arvingerne, hvem dem tilfalder, underrette Direktøren for Fortidsminder om Ejerskiftet.

Hver Gang der bliver Ejerskifte med Hensyn til registrerede Oldsager, skal Direktøren for Fortidsminder stedse underrettes derom; i modsat Fald fortabes Ejendomsretten og den paagældende Genstand tilfalder Oldsagssamlingen uden Vederlag.

Direktøren for Fortidsminder skal i Tilfælde af Ejerskifte med Hensyn til registrerede Oldsager hver Gang gøre Anmærkning derom i Oldsagsfortegnelsen.

Nr. 40. Lov af 16. November om Bevaring af Fortidsminder.

Nr. 40.
16.
nóvbr.

4. kafli.

Um útflutning fornmenja og geymslu.

21. gr.

Engar fornmenjar, eldri en 150 ára, má flytja úr landi, nema með leyfi stjórnarráðsins. Sje vafi á um aldur slíkra hluta, sker fornmenjavörður úr.

22. gr.

Allir forngripir, sem landssjóður eignast eptir lögum þessum eða á annan hátt, skulu geymdir í Forngripasafni Íslands. Þó skal Landsbókasafnið eða Landsskjalasafnið taka við fornum handritum, skjölum og brjefum.

5. kafli.

Almenn ákvæði.

23. gr.

Ef fundi forngrips er leynt, varðar eptir 17. gr. Önnur brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum frá 20 til 500 kr.; auk þess má taka munina eða andvirði þeirra af hinum seka. Með mál út af brotunum skal farið sem almenn lögreglumál.

24. gr.

Stjórnarráðið skipar sjerstakan fornmenjavörð, og hefur hann jafnframt umsjón með Forngripasafninu. Fornmenjavörður skal hafa 1,800 kr. í árslaun. Fela má stjórnarráðið fornmenjaverði að hafa á hendi og framkvæma að öllu eða nokkru leyti þau rjettindi eða störf, sem því eru lögð í lögum þessum, þó þannig, að jafnan geti sá, sem óánægður er með ákvæði fornmenjavarðar, skotið málinu til stjórnarráðsins.

25. gr.

Opið brjef 7. ágúst 1752, svo og öll önnur ákvæði, sem koma í bága við lög þessi, eru úr gildi numin.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

4. Afsnit.

Nr. 40.
16.
Novbr.

Om Udførsel af og Opbevaring af Fortidsminder.

§ 21.

Ingen Fortidsminder, der ere over 150 Aar gamle, maa uden Ministeriets Tilladelse føres ud af Landet. I Tilfælde af Tvivl om deres Alder træffer Direktøren for Fortidsminder Afgørelsen.

§ 22.

Alle af Landskassen i Henhold til denne Lov eller paa anden Maade erhvervede Oldsager opbevares i Islands Oldsagssamling. Gamle Haandskrifter, Dokumenter og Breve skal dog modtages til Opbevaring i Landbiblioteket eller Landsarkivet.

5. Afsnit.

Almindelige Bestemmelser.

§ 23.

Med Fordølgelse af fundne Oldsager forholdes efter § 17. Andre Overtrædelser af nærværende Lov straffes med Bøder fra 20 til 500 Kr., hvorhos de paagældende Genstande eller deres Værdi kan fratages den skyldige. Sager i Anledning af Overtrædelserne behandles som offentlige Politisager.

§ 24.

Ministeriet ansætter en særlig Direktør for Fortidsminder, der tillige fører Tilsyn med Oldsagssamlingen. Direktøren oppebærer en aarlig Lønning af 1,800 Kr. Udøvelsen af de Ministeriet ved nærværende Lov tillagte Beføjelser og Funktioner kan af samme helt eller delvis overdrages til Direktøren, dog saaledes, at den der maatte være utilfreds med Direktørens Afgørelse, stedse skal kunne indanke Sagen for Ministeriet.

§ 25.

Plakat af 7. August 1792 saavel som alle andre mod nærværende Lov stridende Bestemmelser ophæves.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.